

## Nóvember fréttablað 2018

### Brunavarnir Árnæssýslu

Í október komu Guðmundur og Halldór frá Brunavörnum Árnæssýslu. Þeir hittu elstu börnin í leikskólanum kynntu fyrir þeim verkefnið Eldvarnir í leikskólanum. Markmiðið með þessu samstarfsverkefni EBÍ og slökkviliðanna er að veita börnunum fyrstu fræðslu um eldvarnir og stuðla að bættum eldvörnum bæði í leikskólunum og á heimilum barnanna.

Í vetur munu börnin skiptast á að sinna reglubundnu eftirliti vegna eldvarna í leikskólanum svo sem að athuga hvort flóttaleiðir séu vel merktar og aðgengilegar. Börnin fengu möppu frá slökkviliðinu sem þau vinna með í vetur og einnig fengu þau öll buff, endurskinsarmband og tattú. Þökkum þeim kærlega fyrir komuna og Brunavörnum Árnæssýslu fyrir gjafirnar.



### Foreldrafundir

Foreldrafundir hafa nú verið haldnir á öllum deildum og var mæting ágæt en þó misjöfn eftir deildum. Stundaskrár og aðrar gagnlegar upplýsingar er hægt að finna inn á heimasíðu leikskólans, [bergheimar.is](http://bergheimar.is). Punktur frá fundunum verða sendir til foreldra.

### Haustþing 8. deildar

Haustþing leikskólastarfsfólks á suðurlandi var haldið þann 5. október. Allt starfsfólk Bergheima fór á þingið og valdi fjölbreytta fyrirlestra, má þar nefna „Einfaldara líf“, „Hvar er leikurinn í forgangsröðinni?“, „Sól, tungl og stjörnur fyrir unga sem aldna“ og „Málörvun, lestur og málþroski leikskólabarna“. Almenn ánægja var með fyrirlestrana og skipulag Haustþingsins og alltaf gagnlegt fyrir starfsfólk að fræðast um nýja hluti og eflast þannig í starfi.

### Tónlistarskólinn

Í október kom Sigga tónlistarkennari með þær Magneu Marlin, Huldu Vöku og Töru Dís með sér í heimsókn til okkar. Þessar stúlkur eru allar að læra á þverflautu og spiluðu þær nokkur lög fyrir okkur. Sigga sýndi börnunum þverflautu og fræddi um hvernig blásið er í hana ólíkt öðrum hljóðfærum. Takk fyrir komuna allar.

### Félagsstarf eldri borgara

Um miðjan október komu hjónin Erlendur og Halla frá Félagi eldri borgara og lásu fyrir börnin á Hulduheimum. Þökkum við þeim kærlega fyrir komuna.

### Pollóween

Ákveðið hefur verið að taka þátt í „Pollóween“ gleðinni sem á að vera hér í bænum okkar frá 29. október til 4. nóvember. Við ætlum að hafa búningadag 2. nóvember og geta þá þeir sem vilja mætt í búningum, athugið að vopn eru ekki leyfð. Þennan föstudag er líka brúnn litadagur og geta þá einhverjir tekið þátt í honum.

### Foreldraspjall

Í nóvember bjóða deildarstjórar upp á foreldraspjall, settir verða upp listar á öllum deildum þar sem foreldrar geta skráð sig á ákveðna daga. Formleg foreldraviðtöl verða svo í lok janúar.

Vikan 1.-3. nóvember

- 1. nóv. íþróttir, muna eftir þægilegum fatnaði.
- 2. nóv. Söngstund, Tröllaheimar með uppákomu ☺
- 2. nóv. „Þollóween“ búningadagur þeir sem vilja mæta í búningum
- 2. nóv. **brúnn** litadagur, muna að koma í einhverju **brúnu** eða með eitthvað **brúnt** á sér.

Vikan 4.-10. nóvember

- 8. nóv. baráttudagur gegn einelti
- 8. nóv. íþróttir, muna eftir þægilegum fatnaði.
- 9. nóv. umhverfisnefndarfundur kl 10.
- 9. nóv. rugldagur opið á milli deilda kl. 10-11.

Vikan 11.-17. Nóvember

- 14. nóv. Félag eldri borgara kemur í heimsókn á Álfaheima
- 15. nóv. íþróttir, muna eftir þægilegum fatnaði.
- 16. nóv. Dagur íslenskrar tungu, nemendur 6. bekkjar koma og lesa fyrir börnin

Vikan 18.-24. nóvember

- 23. nóv. íþróttir, muna eftir þægilegum fatnaði.
- 24. nóv. söngstund

Vikan 25.-30. nóvember

- 29. nóv. íþróttir, muna eftir þægilegum fatnaði.
- 30. nóv. söngstund

Kveðja Elsa aðstoðarleikskólastjóri